



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588  
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður  
Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1141**  
**komudagur 20.2.2014**

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Seyðisfirði 19. febrúar 2014

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði, 143. löggjafarþing, 250. mál.**

#### **Almennt**

Á Seyðisfirði er löng hefð fyrir öflugri opinberri stjórnslu sem hefur verði mikilvæg atvinnugrein í kaupstaðnum. Í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á stjórnslu ríkisins í héraði er mikilvægt að tækifærið verði nýtt til að efla stjórnsluna og styrkja þjónustuna við íbúa. Jafnframt er mikilvægt að nýta tækifærið til að flytja verkefni til embætta og starfstöðva og styrkja þannig starfsemi þeirra og á það einkar vel við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði þar sem mikill mannauður er til staðar. Þá er hátt menntunarstig á Seyðisfirði og miklir möguleikar á að efla starfsemina enn frekar með nýjum verkefnum. Að framansögðu er það skoðun bæjarráðs Seyðisfjarðar að vel fari á því að embætti sýslumanns á Austurlandi verði og eigi að vera á Seyðisfirði.

#### **Athugasemdir við einstaka lagagreinar.**

2. gr.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í nýu umdæmi miðað við þær forsendur sem kynntar hafa verið að áfram verði starfræktar sýsluskrifstofur þar sem embætti hafa verið þannig að fækkun embætta dragi ekki úr aðgengi að þjónustu og þjónustu við íbúa á þeim svæðum og í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur verið. Bæjarráð leggur áherslu á að Sýslumaður verði áfram staðsettur á Seyðisfirði.

4. gr.

Bæjarráð fagnar áformum um flutning verkefna til sýslumannsembætta og bendir á að reynsla af slíkum flutningi hefur verið góð. Jafnframt lýsir bæjarráð sig reiðbúið til að vinna að því með ríkinu að flytja verkefni til Seyðisfjarðar.

7. gr.

Bæjarráð lýsir ánægju með það skipulega samráð um stjórnslu ríkisins í héraði og sveitarfélaganna sem boðað er í henni.

9. gr.

Bæjarráð hvetur til þess að efni reglugerðar sem varðar umdæmamörk, aðalskrifstofur og aðrar sýsluskrifstofur, sem boðuð er í greininni verði kynnt fyrir sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga og þeim jafnvel gefin kostur á að veita umsagnir um hana.

#### **Lokaorð**

Við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði er mikil þekking og reynsla til staðar á umsýslu og meðferða tollamála, málefnum erlendra ferðamanna og viðskipti og innheimtur af starfsmannaleigum. Mikill mannauður er til staðar og möguleikar til að bæta við vel

menntuðu fólki. Vegna þess að saman fara með því frumvarpi sem umsögn þessi fjallar um breyting á lögreglulögum telur bæjarráð rétt að eftirfarandi mál séu höfð í huga við ákvörðun fyrirkomulags í lögum og reglugerð. Ferju- og tollhöfn er á Seyðisfirði þar sem eru vikulegar ferjusiglingar frá Evrópu allt árið og komum skemmtiferðaskipa í Seyðisfjarðarhöfn fjölgar ár frá ári. Jafnframt er í því sambandi minnt á viðbragðsáætlun og viðbragðspörf vegna ferjusiglinganna og skemmtiferðaskipa. Almannavarnarmál þar sem víða getur skapast ofanflóðahætta í firðinum bæði í þéttbýlinu og dreifbýli.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Seyðisfjarðar

  
Vilhjalmur Jónsson

Afrit: Innanríkisráðherra  
Þingmenn Norðausturkjördæmis